



# **Ábending um aðgangshindranir og samkeppnishömlur til Samkeppniseftirlitsins**

**Hindranir í fiskeldi/lagareldi sem stafa af lögum og reglugerðum**

**16.09.2024**

Samkeppniseftirlitið  
Borgartún 26  
125 Reykjavík

Reykjavík, 16. september 2024

## Efni: Hindranir í fiskeldi/lagareldi sem stafa af lögum og reglugerðum

### Samantekt

Málið varðar aðgangshindranir og samkeppnishömlur sem settar hafa verið í lög og reglugerðir fiskeldis og fyrirhugað er að gera í frumvarpi um lagareldi til hagsbóta fyrir laxeldisfyrirtækjum í meirihlutaeigu erlendra aðila. Upphaf málsins eru breytingar á lögum um fiskeldi nr. 71/2008 á árinu 2019 er grundvallast á tillögum skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi sem var gefin út á árinu 2017. Það er búið að að blokkera eldissvæði/firði með það að yfirskyni að það eigi að hefja eldi á ófrjóum laxi til að hindra aðgengi nýrra aðila og leggja til hagstætt úthlutunarkerfi með samkeppnishömlunum til að tryggja hagsmuni núverandi rekstrarleyfishafa.

### Efnisyfirlit

<b>SAMANTEKT</b> .....	<b>1</b>
<b>1. HINDRANIR TIL FJÁRHAGSLEGS ÁVINNINGIS</b> .....	<b>2</b>
1.1 SAMKEPPNISLÖGIN .....	2
1.2 FANGA RÍKISVALDIÐ .....	2
1.3 AÐGANGSHINDRANIR .....	2
1.4 SAMKEPPNISHÖMLUR .....	3
<b>2. TILLÖGUR STEFNUMÓTUNARHÓPSINS</b> .....	<b>3</b>
2.1 BLOKKERA .....	4
2.2 HAGSTÆTT ÚTHLUTUNARKERFI .....	4
<b>3. VINNA AÐ FRAMGANGI MÁLSINS</b> .....	<b>4</b>
3.1 MÁLUM FYLGT EFTIR .....	4
3.2 FRUMVARP TIL LAGA UM LAGARELDI .....	5
<b>4. BROT Á SAMKEPPNISLÖGUM</b> .....	<b>5</b>
4.1 STEFNUMÓTUNIN .....	5
4.2 LÖGIN UM FISKELDI OG REGLUGERÐIRNAR .....	6
4.3 FRUMVARP UM LAGARELDI .....	6
<b>5. SAMFÉLAGSVERKEFNI GEGN SPILLINGU</b> .....	<b>6</b>

## 1. Hindranir til fjárhagslegs ávinnings

### 1.1 Samkeppnislögin

Markmið samkeppnislaga nr. 44/2005 er að efla virka samkeppni í viðskiptum. Markmiðinu skal ná með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.<sup>1</sup>

### 1.2 Fanga ríkisvaldið

Upphaf málsins eru breytingar á lögum um fiskeldi nr. 71/2008 á árinu 2019 er grundvallast á niðurstöðum [skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi](#) sem var gefin út 23. ágúst 2017.

Í starfshópnum voru stjórnarformenn Fiskeldis Austfjarða (nú Kaldavík) og Arnarlax, fulltrúar erlendra fjárfesta, sem höfðu mikla fjárhaglegra hagsmuni að gæta og komu að undirbúningi og gerð laga um fiskeldi og voru leiðandi við hönnun á leikreglum, skjalfest í lögum, sjálfum sér og sínum fyrirtækjum til fjárhagslegs ávinnings á kostnað annarra. Það sem átti að vera stefnumótun stjórnvalda varð að stefnumótun sérhagsmuna laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila. Af fræðimönnum kallast þessi aðferðafræði að „fanga ríkisvaldið“. Um málið er m.a. fjallað í greininni [Lög um fiskeldi og ólígarkar](#).

### 1.3 Aðgangshindranir

Á vef Samkeppniseftirlitsins kemur fram að samkeppnisyfirvöld víða um heim líta almennt á þrjár tegundir aðgangshindrana í rannsóknum sínum sem gjarna er skipt niður í eftirtalda flokka eftir eðli þeirra:<sup>2</sup>

1. Náttúrulegar aðgangshindranir.
2. Hindranir sem stafa af lögum og reglugerðum.
3. Hindranir vegna hegðunar þeirra fyrirtækja sem starfa á markaðnum.

Málið varðar hindranir á nýtingu auðlindarinnar íslenskir firðir sem stafa af lögum og reglugerðum.

Skv. upplýsingum á vef Samkeppniseftirlitsins geta lög og reglugerðir í mörgum tilfellum stuðlað að jákvæðum ytri áhrifum, t.d. verndun umhverfisins eða verndun fjármálastöðugleika, en geta einnig falið í sér ákveðnar aðgangshindranir. Sem dæmi má nefna að í mörgum tilfellum þurfa fyrirtæki að hafa ákveðin leyfi til þess að geta stundað starfsemi sína. Ef fjöldi leyfa er takmarkaður og viðskipti með þau eru ekki stunduð á frjálsum markaði getur verið erfitt fyrir nýtt fyrirtæki að koma inn á markaðinn.

---

<sup>1</sup> [https://www.samkeppni.is/media/alit-2009/alit\\_4\\_2009\\_opinber\\_utbod\\_samkeppni\\_og\\_samkeppnishindranir.pdf](https://www.samkeppni.is/media/alit-2009/alit_4_2009_opinber_utbod_samkeppni_og_samkeppnishindranir.pdf)

<sup>2</sup> <https://www.samkeppni.is/malefni/markadsyfirrad/adgangshindranir/>

### 1.4 Samkeppnishömlur

Í álit Samkeppniseftirlitsins frá 2009 kemur fram að samkeppnishömlur í tengslum við útboð geta verið af ýmsum toga.<sup>3</sup> Alvarlegustu hömlurnar felast í samráði keppinauta við gerð tilboða, þ.e. tilboðssvikum. Slíkt samráð getur tekið á sig ýmsar myndir svo sem: <sup>4</sup>

- Gervitilboð. Í því felst að tilboðsgjafar sammælast um hver skuli skila inn hagstæðasta tilboðinu. Hinir tilboðsgjafarnir skila þá inn verri tilboðum eða jafnvel óaðgengilegum eða ógildum tilboðum.
- Fyrirtæki skiptast á um að vera með hagstæðasta tilboðið.

Skv. upplýsingum á vef Samkeppniseftirlitsins er hættara við samráði á sumum mörkuðum en öðrum. Almennt má segja að hætta á samráði aukist eftir því sem færri eru um hituna. Séu takmarkaðar líkur á að nýir keppinautar komi inn á markaðinn vegna aðgangshindrana eru líkur á því að fyrirtækin samhæfi tilboðsstefnu sína meira en ella.

## 2. Tillögur Stefnumótunarhópsins

Stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða (nú Kaldavík) voru leiðandi aðilar í vinnu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi og þeirra vinna fólst m.a. í að halda eldissvæðum og framleiðsluheimildum sinna fyrirtækja sem voru í umsóknarferli hjá stjórnarsýslunni:

- *Blokkera:* Tillögur um að sett yrði í lög ákvæði um ófrjóa laxa m.a. til þess að laxeldisfyrirtæki stjórnarformanna gætu haldið sínum svæðum a.m.k. í fimm ár án þess að nýta þau eða greiða auðlindagjald. Með von um að síðar meir verði heimildir til eldis á frjóum laxi auknar eins og reyndin hefur síðar orðið í sumum tilvikum.
- *Hagstætt úthlutunarkerfi:* Nýtt leyfisveitingarkerfi með hagstæðum reglum fyrir laxeldisfyrirtæki stjórnarformannanna til að auðvelda þeim að ná nýjum svæðum og framleiðsluheimildum þegar þau færu í útboð. Í flestum tilvikum er aðeins um einn aðila sem getur getur tekið þátt í útboði, eitt af laxeldisfyrirtækjum í meirihlutaeigu erlendra aðila, og til hvers er þá verið að fara í útboð nema sem sýndargjörning.

Fleiri mál varða samkeppnislög s.s. stærð laxeldisfyrirtækja sem stefnumótunarhópurinn lagðist gegn að settar væru hindranir á. Engar takmarkanir á stærð laxeldisfyrirtækja eða erlent eignarhald var grunnur að því að hægt væri að fara með félögin á erlendan hlutabréfamarkað og gera eldisleyfin að miklum verðmætum fyrir fámennan hóp. Undirritaður hefur m.a. fjallað um málið í blaðgreinunum [Stór laxeldisfyrirtæki og lítil sjávarútvegsfyrirtæki?](#) og [Erlent eignarhald í laxeldi og sjávarútvegi.](#)

Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um stærð laxeldisfyrirtækja fyrst við samruna Fiskeldis Austfjarða og Laxa fiskeldis sem var í meirihlutaeigu Måsøval Eiendom AS á árinu 2021.<sup>5</sup> Á árinu 2022 var síðan tekið fyrir alþjóðlegur samruni SalMar og NTS, sem hefði m.a. leitt til samruna Arnarlax og Arctic Fish.<sup>6</sup>

---

<sup>3</sup> <https://www.samkeppni.is/urlausnir/alit/nr/1656>

<sup>4</sup> [https://www.samkeppni.is/media/alit-2009/alit\\_4\\_2009\\_opinber\\_utbod\\_samkeppni\\_og\\_samkeppnishindranir.pdf](https://www.samkeppni.is/media/alit-2009/alit_4_2009_opinber_utbod_samkeppni_og_samkeppnishindranir.pdf)

<sup>5</sup> <https://www.samkeppni.is/urlausnir/akvordanir/nr/4028>

<sup>6</sup> <https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/samkeppniseftirlitid-birtir-akvordun-vegna-laxeldis-samruna>

## 2.1 Blokkera

Stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða sem voru búnir að koma leyfisveitingarkerfinu í uppnám, með um 70% eldissvæða og flest málin ennþá í umsóknarferli í stjórnsýslunni. Til að tryggja hagsmuni laxeldisfyrirtækjanna þurfti því að setja hindranir til að hægt væri að halda svæðum sem voru í umsóknarferli og þar sem ekki var heimilt að vera með eldi á frjóum laxi skv. áhættumati erfðablöndunar. Þannig var búið um hnútana að í tillögum stefnumótunarhópsins frá 2017 var lagt til að hægt væri að halda eldissvæðum fyrir ófrjóan lax a.m.k. í fimm ár án þess að nýta svæðið til eldis eða greiða af því auðlindagjald. Á þessum tíma var eldi á ófrjóum laxi á tilraunarstigi og er það ennþá. Þegar lög um fiskeldi voru samþykkt á Alþingi Íslendinga á árinu 2019 var bent á af fjölda aðila að eldi á ófrjóum laxi væri óraunhæfur valkostur m.a. af opinberum stofnunum. Um þetta er m.a. fjallað í:

- ✓ Blaðagrein höfundar [Tryggja sér eldissvæði með óraunhæfum ófrjóum eldislaxi.](#)
- ✓ Kafla 6 í rannsóknaskýrslunni [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan.](#)
- ✓ Leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Ófrjóir laxar til að halda eldissvæðum.](#)
- ✓ Kafla 20.3 [umsagnar Sjávarútvegsþjónustunnar við frumvarp til laga um lagareldi.](#)

## 2.2 Hagstætt úthlutunarkerfi

Í eldra leyfisveitingarkerfinu var ekki tekið á málum í stefnumótunarskýrslunni og takmarkað þegar lög um fiskeldi voru endurskoðuð á Alþingi Íslendinga á árinu 2019. Það þjónaði einnig best hagsmunum laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila við að verja sína hagsmuni enda náðu þau flestum eldissvæðum sem stefnt var að. Um framgang og vinnubrögð Arnarlax og Arctic Fish til ársins 2022 er fjallað í rannsóknaskýrslunum:

- ✓ [Arctic Fish – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings.](#)
- ✓ [Arnarlax – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings.](#)

Sambærilega skýrslu á eftir að gera fyrir Fiskeldi Austfjarða (nú Kaldavík).

Stefnumótunarahópurinn lagi til alþjóðlegs útboðs í nýja leyfisveitingarkerfinu. Þegar reglugerð nr. 588/2020 um útboð eldissvæða var gefin út var opnað var fyrir þeim möguleika að um væri að ræða lokað útboð. Það vakti sérstaka athygli og þrátt fyrir alvarlegar athugasemdir Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Landsambands fiskeldisstöðva var ekkert tekið tillit til þeirra.

Málum hefur verið þannig komið fyrir að aðeins einn aðili gat tekið þátt í útboði einstakra svæða í nær öllum tilvikum, þ.e.a.s. laxeldisfyrirtækin Arnarlax, Fiskeldi Austfjarða og Arctic fish, fyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila. Fram að þessu hefur ekkert útboð, á grundvelli reglugerðar nr. 588/2020, verið framkvæmt frá því reglugerðin var gefin út. Um úthlutunarkerfin er sérstaklega fjalla í:

- ✓ Blaðagreininni [Lög um fiskeldi og nýja leyfisveitingakerfið.](#)
- ✓ Kafla 7 og 8 í rannsóknaskýrslunni [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan.](#)
- ✓ [Umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar við frumvarp til laga um lagareldi](#) sérstaklega í köflum 6 og 8.

## 3. Vinna að framgangi málsins

### 3.1 Málum fylgt eftir

Það þurfti að fylgja málum eftir, eftir að [skýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi](#) var gefin út og það hefur vakið athygli aðgengi ákveðna hagsmunaaðila að

---

stjórnsýslunni og jafnvel löggjafavaldinu og um það er m.a. fjallað í rannsóknaskýrslunni [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#). Ábendingar um það sem betur hefði mátt fara er m.a. bent á í skýrslu Ríkisendurskoðunar [Sjókvíaelði - Lagaframkvæmd, stjórnsýsla og eftirlit](#):

„Ríkisendurskoðun vekur athygli á að áhrif og aðkoma fulltrúa fyrirtækja í sjókvíaelði við undirbúning að endurskoðun laga um fiskeldi árið 2019 var meiri en raunin hafði verið bæði í aðdraganda lagasetningarinnar 2008 og þegar lögum var breytt 2014. Gæta hefði mátt betra jafnvægis við skipun starfshóps ráðherra með því að auka að sama skapi aðkomu óháðra sérfræðinga eða vísindamanna til mótvægis við talsmenn hagsmunahópa. Við úttekt þessa kom ítrekað fram í samtölum við stofnanir og ráðuneyti að íslensk stjórnsýsla hefði á stundum mátt sín lítils gagnvart öflugum fyrirtækjum í sjókvíaelði. Styrkur stjórnsýslunnar hefði ekki vaxið í takt við styrkingu greinarinnar“.

Stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða, fulltrúar erlendra fjárfesta, voru einnig fulltrúar Landssambands fiskeldisstöðva í stefnumótunarhópnum réðu nær öllu innan samtakanna og er um það fjallað í rannsóknaskýrslunni [Landsamband fiskeldisstöðva og stefnumótun í fiskeldi](#). Þar voru íslensku félögin undir eins og rakið er í rannsóknaskýrslunni.

Nú er unnið að rannsóknaskýrslu um ferli málsins í stjórnsýslunni og Alþingi Íslendinga sem mun varpa enn frekari ljósi á málið.

### 3.2 Frumvarp til laga um lagareldi

Framhald er síðan á málinu í frumvarp til laga um lagareldi sem lagt var fram á vorþingi 2024. Þar eru settar enn frekari hindranir um aðgengi nýrra aðila á nýtingu á auðlindinni íslenskir firðir. Um málið er fjallað í [umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar við frumvarp til laga um lagareldi](#). Það er margt jákvætt í frumvarpinu um lagareldi og sumu leiti reynt að vanda til verka. Ýmislegt hefur þó farið úrskaiðis og vakna upp spurningar um of mikið aðgengi þeirra sem hafa mikilla fjárhagslega hagsmuna að gæta að gerð frumvarpsins. Á árinu 2021 var áætlað að verðmæti eldisleyfa væri rúmlega 100 milljarða króna eins og m.a. fram kemur í blaðagreininni [Verðmæti eldisleyfa sem eru í eigu útlendinga](#). Uppbygging laxeldis hefur byggst á að fámennur hópur nái sem mestum fjárhagslegum ávinningi og um það er varðar frumvarp um lagareldi hefur höfundur fjallað um í þremur nýlegum blaðagreinum:

- ✓ [Frumvarp um lagareldi: Flutningur og framsal til fjárhagslegs ávinnings.](#)
- ✓ [Frumvarp um lagareldi: Útboð á svæðum og heimildum.](#)
- ✓ [Frumvarp um lagareldi: Til fjárhagslegs ávinnings.](#)

## 4. Brot á samkeppnislögum

### 4.1 Stefnumótunin

Ferli málsins hófst við útgáfu á skýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi frá árinu 2017. Um ferli þessa máls er m.a. gefið yfirlit í rannsóknaskýrslunni [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#):

- ✓ *Aðgangshindranir:* Eldissvæðin blokkeruð með ófrjóum laxi sem þá var óraunhægur valkostur og er það ennþá. Í skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi voru skrifuð drög að lagatexta þar sem sett var aðgangshindrun á eldissvæði þar sem yfirsýnið var að hefja ætti eldi á ófrjóum laxi til að tryggja hagsmuni laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila (sjá kafla 6).
- ✓ *Samkeppnishömlur:* Það er aðeins einn aðili sem getur tekið þátt í útboði eldissvæða í nær öllum tilvikum, þ.e.a.s. laxeldisfyrirtækin Arnarlax, Fiskeldi Austfjarða og Arctic fish, fyrirtæki

í meirihlutaeigu erlendra aðila. Fyrirtækin voru með mest öll leyfin og fjölda mála í umsóknarferli og stjórnarformennirnir sem fulltrúar erlendra fjárfesta unnu að því að tryggja þeirra stöðu með að gera engar breytingar á þáverandi leyfisveitingarkerfi og leggja til hagstæðar tillögur í nýju leyfisveitingarkerfinu sem leiðir til skaðlegrar fákeppni (sjá t.d. kafla 7 og 8).

### 4.2 Lögín um fiskeldi og reglugerðirnar

Tillögur stefnumótunarhópsins voru síðan innleiddar að mestu í lögum um fiskeldi nr. 71/2008 á árinu 2019. Í framhaldi af gildistöku laganna voru gefnar út reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi og reglugerð nr. 588/2020 um útboð eldissvæða. Yfirlit yfir ferli málsins er að stærstum hluta í rannsóknaskýrslunni [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan:](#)

- ✓ *Aðgangshindranir:* Áhættumat erfðablöndunar setti takmarkanir á eldi á frjóum laxi og til að laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila gæti haldið sínum svæðum var sett í lög að hægt væri að hafa eldi á ófrjóum laxi a.m.k. í fimm ár án þess að nýta svæði með von um að seinna meir væru heimildir til eldis á frjóum laxi í áhættumatinu auknar. Ástæðan fyrir því að ófrjóir laxar voru valdir af stefnumótunarhópnum frekar en regnbogasilungur sem íslensk fyrirtæki voru með eldi á var augljóslega að gera laxeldisfyrirtækjum stjórnarformannanna kleift að helga sér svæði ákveðið árabíl undir því yfirskini að fyrirhugað sé að ala þar ófrjóan eldislax og síðan skipta yfir í frjóa laxa þegar heimildir í áhættumati erfðablöndunar eru auknar (sjá t.d. kafla 6).
- ✓ *Samkeppnishömlur:* Í reglugerð nr. 588/2020 um útboð eldissvæða eru sett ákvæði sem eru hagstæð fyrir laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila þannig að erfitt verður fyrir íslensk félög að keppa, m.a. ákvæði um lokuð útboð og aðeins einn aðili getur tekið þátt í útboði í flestum tilvikum (sjá t.d. kafla 8).

### 4.3 Frumvarp um lagareldi

Frumvarpið var lagt fram á vorþingi 2024 þar sem unnið var enn frekar að aðgangshindrunum til að tryggja betur hagsmuni Arnarlax, Arctic Fish og Kaldavík. Í [umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar við frumvarp til laga um lagareldi](#) er farið yfir í hverju hindranir og hömlur eru fólgnar og hvernig þær geta haft áhrif á samkeppnismöguleika íslenskra sjókvíaldisfyrirtækja:

- ✓ *Aðgangshindranir:* Ef fjöldi leyfa er takmarkaður og viðskipti með þau eru ekki stunduð á frjálsum markaði getur verið erfitt fyrir nýtt fyrirtæki að koma inn á markaðinn. Núverandi rekstraraðilar eru búnir að blokkera öll eldissvæði og alla firði. Nýir aðilar geta því ekki fengið leyfi fyrir nýjum eldissvæðum og þannig ekki tekið þátt í útboðum á auknum framleiðsluheimildum. (sjá t.d. kafla 5 og 6).
- ✓ *Samkeppnishömlur:* Á Austfjörðum, Dýrafirði og Önundarfirði getur aðeins einn aðili boðið í auknar framleiðsluheimildir. Almennt má segja að hætta á samráði aukist eftir því sem færri eru um hituna, en hér þarf að sjálfsögðu ekkert samráð þar sem aðeins einn þáttakandi getur tekið þátt í útboði. Í Patreks- og Tálknafirði ásamt Arnarfirði geta aðeins Arnarlax og Arctic Fish boðið í auknar framleiðsluheimildir og auðveldlega komið með gervitilboð og skipst á að koma með hagstæðasta tilboðið og þannig lágmarkað kostnað (sjá t.d. kafla 6).

## 5. Samfélagsverkefni gegn spillingu


Þessi ábending er hluti af Samfélagsverkefni gegn spillingu. Það er linkur inn á öll gögn sem vísað er til þar sem heiti skýrsla og greina er merkt blátt. Hægt er að sækja öll gögn málsins [HÉR](#).

Undirritaður hefur unnið við fiskeldi í rúm 30 ár og m.a. komið að fjölmörgum verkefnum fyrir stjórnvöld er tengjast fiskeldi, s.s. skrifum á lögum og reglugerðum. Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem átti sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi sérstaklega á tímabilinu 2017-2019. Í byrjun ársins 2022 hóf undirritaður formlega vinnu við Samfélagsverkefni gegn spillingu í hálfu starfi.

Yfirlit um málið er að finna á [lagareldi.is](http://lagareldi.is)

Best er að finna allar skýrslur og greinar er tengjast málinu á [sjavarutvegur.is](http://sjavarutvegur.is)

Virðingarfyllst,



---

Valdimar Ingi Gunnarsson,  
Sjavarútvegsþjónustan ehf.  
Helgubraut 17  
200 Kópavogur  
Tölvupóstfang:  
[valdimar@sjavarutvegur.is](mailto:valdimar@sjavarutvegur.is)  
Sími: 695 2269